

Fyrirlesarar á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2013

Á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra HÍ í Sandgerði 21. mars segja þrír starfsmenn við Rannsóknasetur Háskóla Íslands frá rannsóknum sínum.

Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur og akademískur starfsmaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði fjallar um rannsóknir sínar á verkum Þórbergs Þórðarsonar og tengslin við nærsamfélagið. Rannsóknir Soffíu Auðar eru nýttar með margvíslegum hætti í starfsemi Þórbergsseturs á Hala í Suðursveit. Rannsóknasetrið og Þórbergssetur hafa einnig haldið opin námskeið um Þórberg Þórðarson, ævi hans og verk, fyrir Hornfirðinga, nærsveitamenn og aðra.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir er viðskiptafræðingur að mennt og starfar hjá Rannsóknasetri HÍ á Húsavík. Lilja segir frá rannsókn sinni á hagrænum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu með sérstakri rekstrargreiningu á fyrirtækjum á svæðinu. Verkefnið er unnið í samstarfi Rannsóknasetursins á Húsavík og Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem er samstarfsvettvangur þriggja háskóla (Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Hólaskóla) og ferðaþjónustunnar.

Óskar Sindri Gíslason stundar doktorsnám við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands; hann rannsakar grjótkrabbna (cancer irroratus) sem fannst fyrst hér við land 2006. Rannsókn Óskars Sindra miðar m.a. að því að efla skilning á stofnlíffræði og erfðasamsetningu krabbans, kanna hvort stofninn hér sé erfðafræðilega frábrugðinn stofni á upprunasvæðinu í N-Ameríku og hvort aðskildir stofnar séu nú þegar á Íslandsmiðum. Samfélagsleg verðmæti rannsókna felst einkum í því að greina hvort um lífvænlegan og sjálfbæran veiðistofn er að ræða.